



# Vernd vöruheita með uppruna- eða staðarvísun

Greinargerð um landfræðilegar merkingar á vegum  
Samtaka mjólkur - og kjötframleiðenda og Samtaka iðnaðarins

Júní 2012 - Samantekt: Einar Karl Haraldsson



# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Helstu ábendingar</b>	<b>4</b>
<b>2</b>	<b>Landfræðilegar merkingar á landbúnaðarvörum</b>	<b>6</b>
<b>3</b>	<b>Lagaleg og alþjóðleg viðhorf</b>	<b>7</b>
<b>4</b>	<b>Alþjóðlegir samningar</b>	<b>9</b>
4.1	Samþykkt um viðskiptahliðar hugverkaréttar	
4.2	Alþjóðleg skrá rædd í Doha viðræðunum	
4.3	Mismunandi heimspekkileg viðhorf	
<b>5</b>	<b>ESB löggjöf um landfræðilegar merkingar</b>	<b>11</b>
5.1	Skráning og vernd innan ESB	
5.2	ESB reglugerð ekki hluti af EES	
5.3	Vernd landfræðilegra merkinga	
5.4	Vernd upprunatáknunar – Upprunavísun	
5.5	Vernd landfræðilegrar tilvísunar – Staðarvísun	
5.6	Trygging hefðbundinnar sérsdtöðu - Hefðartrygging	
<b>6</b>	<b>Gagnrýni á VLM kerfið</b>	<b>15</b>
<b>7</b>	<b>Framtíðarþróun VLM kerfisins</b>	<b>16</b>
7.1	Einfaldari og skýrari skilgreiningar	
7.2	Aðildarlöndum skylt að stöðvar ólöglega notkun?	
7.3	Ný heildarsýn í gæðastefnu ESB í landbúnaði	
<b>8</b>	<b>Samningar ESB við þriðju ríki</b>	<b>18</b>
8.1	Ríkisstjórn samþykkti viðræður um gagnkvæma vernd	
<b>9</b>	<b>Fjársjóðir í matarmenningu Norðmanna</b>	<b>20</b>
<b>10</b>	<b>Helstu atriði hugsanlegrar löggyjafar á Íslandi</b>	<b>23</b>
<b>11</b>	<b>Álitamál varðandi vernd VLM á Íslandi</b>	<b>24</b>
<b>12</b>	<b>Fylgiskjöl</b>	<b>27</b>
	FETA-málið: úrdráttur úr grein Sigurðar L. Arnalds hrl. í Lögmannablaðinu 2006	
	Fréttagreinar um Parmigiano-Reggiano	
	Löggjöf um vernd landfræðilegra merkinga í Noregi	
	Reglugerð ráðherranefndar ESB nr. 510/2006	
	Reglugerð ráðherranefndar ESB nr. 509/2006	
	Álit landbúnaðarnefndar Evrópuþingsins frá 2011	

# Formáli

**Greinargerð þessi er tekin saman að frumkvæði Guðna Ágústssonar, formanns Samtaka mjólkur- og kjötframleiðenda innan Samtaka iðnaðarins (SI), og með góðfúslegum stuðningi Orra Haukssonar, framkvæmdastjóra SI.**

Tilgangurinn er að gefa yfirlit um stöðu landfræðilegra merkinga á heimsvísu og leita vísbendinga um framtíðarþýðingu þeirra í viðskiptum með landbúnaðarvörur. Málið er aðkallandi í tengslum við viðræður Íslands og Evrópusambandsins um viðskipti með landbúnaðarafurðir á grundvelli 19. gr. EES-samningsins, þar sem ESB hefur krafist þess að samið verði um gagnkvæma vernd landfræðilegra merkinga. Slíkir samningar geta einungis komist á að því gefnu að sett verði löggjöf um vernd landfræðilegra merkinga á Íslandi. Hið sama gildir ef Ísland semdi um gagnkvæma vernd við ESB sem ríki utan bandalagsins. Reglur ESB um vernd landfræðilegra merkinga verða einnig hluti af íslensku lagaumhverfi gangi Ísland í ESB.

Sjónarhorn greinargerðarinnar er þó víðara en svo að einvörðungu sé horft til ESB kerfisins. Þegar litið er til skuldbindinga Íslands samkvæmt samningi Alþjóða viðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum og EES- samningnum, sýnist það vera tímabært að huga að setningu löggjafar um slíkar merkingar á Íslandi. Hugmyndir um heimslista yfir verndaðar landfræðilegar merkingar og samningar ESB við ríki utan bandalagsins um gagnkvæma vernd, benda einnig til þess að þýðing þeirra í heimsviðskiptum með sérstakar gæðavörur muni fara vaxandi.

Sá sem þetta ritar stendur í þakkarskuld við Ingólf Friðrikssom, sérfræðing hjá utanríkisráðuneytinu, sem ritaði lokaritgerð í lögfræði við Háskólann á Akureyri árið 2011 um vernd landfræðilegra merkinga innan ESB, og hefur veitt afar gagnlegar leiðbeiningar. Þá ber einnig að þakka Össuri Skarphéðinssyni utanríkisráðherra og Sigurgeir Þorgeirssyni, ráðuneytisstjóra í sjávarútvegs- og landbúaðarráðuneytinu, fyrir liðveislu.

Hér er ekki um fræðilega samantekt að ræða heldur yfirlit sem ætlað er til fróðleiks og kynningar. Heimilda hefur verið aflað á heimasíðum ESB, í samningstextum, á internetinu, í áðurnefndri lokaritgerð og í ýmsum greinum og viðölum, og er þeirra getið þar sem við á.

Reykjavík 20. júní 2012  
Einar Karl Haraldsson

# 1. Helstu ábendingar

- Leiða má rök að því að það þjóni hagsmunum framleiðenda og neytenda að sett verði löggjöf um vernd landfræðilegra merkinga á Íslandi. Löggjöfin gæti styrt stöðu útflutningsafurða og falið í sér viðurkenningu á sérstöðu innlendar voru í samkeppni við innfluttar vorur.
- Standi Ísland utan ESB kemur til álita að semja sem þriðja ríki við Evrópusambandið um gagnkvæma vernd landfræðilegra merkinga eins og ýmis ríki hafa gert, leiði athugun í ljós að það þjóni íslenskum útflutningshagsmunum. EES samningurinn nær ekki til landfræðilegra merkinga, en á hinn bóginn er beinlínis gert ráð fyrir því í honum að leitað verði leiða til þess að auka vernd þeirra.
- Á vettvangi Alþjóða viðskiptastofnunarinnar er rætt um að koma upp heimslista um landfræðilegar merkingar. Flest bendir til þess að merkingar af þessu tagi muni fá aukna þýðingu í heimsviðskiptum með sérstakar gæðavörur á komandi árum. Í öllum samningum milli ríkja um vernd landfræðilegra merkinga er frumforsendan sú að fyrir hendi sé einhverskonar löghelgað verndarkerfi í viðkomandi löndum.
- Landfræðilegar merkingar njóta takmarkaðrar verndar samkvæmt íslenskum vörumerkjalögum, en að öðru leyti er fátæklegt um að litast í íslensku lagaumhverfi hvað þetta atriði varðar.
- Evrópusambandið hefur krafist þess að samið verði um vernd landfræðilegra merkinga í tengslum við viðræður Íslands og Evrópusambandsins um viðskipti með landbúnaðarafurðir á grundvelli 19. gr. EES-samningsins, sem meðal annars snúast um aukinn markaðsaðgang fyrir íslenskra landbúnaðarvörur í ríkjum ESB.
- Reglur ESB um vernd landfræðilegra merkinga verða hluti af íslensku lagaumhverfi gangi Ísland í ESB, nema samið verði á annan veg.
- Í fljótu bragði virðast flest þau vöruheiti sem til greina gætu komið í vernd landfræðilegra merkinga hafa þróast sem sameiginleg verðmæti framleiðenda á Íslandi, bundin hráefnum, framleiðsluaðferðum og staðháttum sem tengjast íslenskum aðstæðum almennt. Þess vegna eru viðhorf á Íslandi sennilega tengdari evrópskum sjónarmiðum um vernd staðartenginga en bandarískri vörumerkjavernd.
- Tímabært er að Samtök mjólkur- og kjötframleiðenda óski þess við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið að það leggi drög að löggjöf um vernd landfræðilegra merkinga, og eigi um það samstarf við þá aðila sem málið varðar.
- Taka þarf saman lista um vöruheiti í landbúnaði, matvælaframleiðslu og fiskeldi sem hugsanlega kæmu til álita í sambandi við uppruna- og staðarvísun eða hefðartryggingu. Þetta er meðal annars nauðsynlegt til þess að hægt sé að átta sig á umfangi íslensks verndarkerfis og hve þungt það yrði á höndum í opinberri stjórnsýslu og eftirliti.

- Leggja þarf í vinnu við að rekja sögu, einkenni, samsetningu, eðliseiginleika, uppruna- og staðartengsl verðmætustu útflutningsafurða og vöruheita íslensks landbúnaðar, svo sem skyrs og lambakjöts, og annarra afurða sem ætla má að verði fluttar út á næstu árum. Þetta er nauðsynlegt til þess að styrkja stöðu þessara vöruheita í bráð og lengd og koma í veg fyrir að þau verði almennt lýsandi heiti sem ekki geti fallið undir vernd.
- Fá þarf fram mat á því hvað tapast við gagnkvæma vernd landfræðilegra merkinga og hvað vinnst. Ljóst er til að mynda að á skrá um landfræðilegar merkingar hjá ESB eru yfir 1000 vöruheiti en íslensk vöruheiti yrðu varla ýkja mörg að minnsta kosti til að byrja með.
- Á skrá ESB er t.d. vörheitið FETA verndað sem grísk upprunavísun. Óheimilt væri að nota það vöruheiti á Íslandi ef samið yrði um gagnkvæma vernd en hér hefur heitið FETA fest sig í sessi á markaði og er verðmætt sem slíkt.
- Í greinargerð þessari eru landfræðilegar merkingar innan ESB annars vegar íslenskaðar með beinni þýðingu, en hins vegar er til hægðarauka sett fram sú hugmynd að heildarheitið verði vernd landfræðilegra merkinga, en undirflokkar kerfisins verði látnir heita vernd upprunavísana, vernd staðarvísana og hefðartrygging. Þá er lagt til að „appellation“ kerfin svokölluðu verði nefnd héraðsvísanir.

## 2. Landfræðilegar merkingar á landbúnaðarvörum



Dijon sinnep, sem áður vísadí til franska bæjarins Dijon, er nú almennt lýsandi vöruheiti.

Lengi hefur tíðkast að tengja gæði vöru við uppruna hennar. Oft er talið að varan innihaldi vissa eiginleika vegna sérstæðra aðstæðna, hráefnis eða vinnsluðferða á viðkomandi stað. Landfræðileg merking er heiti eða merki sem notað er á vissar vörur sem tengjast sérstökum stað eða uppruna í t.d. sveitarfélagi, á svæði eða landi. Notkun landfræðilegrar tilvísunar getur virkað eins og vottun á því að varan hafi til að bera sérstök gæði, sé gerð í samræmi við hefðbundnar aðferðir, eða njóti sérstaks orðspors, sem tengist upprunastað hennar. Upprunastaður vörunnar felst í heiti hennar, hluta þess eða í annarri tilvísun í viðkomandi landsvæði - einu nafni landfræðilegar merkingar (e.g. geographical indications). Sem dæmi má nefna Gorgonzola, Limfjords gulrødder, Basmati hrísgljón, Ceylon te, Darjeeling te, Havana vindla, Toscana olíur og FETA. Þekktustu landfræðilegu tilvísanirnar eru eflaust þær sem notaðir eru um vín, sem tengjast ýmsum landsvæðum, eins og til að mynda Champagne, Bordeaux og Cognac. Vernd slíkra landfræðilegra tilvísana skiptir þá sem hagsmuni eiga gríðarmiklu máli, ekki síst fjárhagslega, en kannanir sýna að neytendur eru reiðubúnir að greiða hærra verð fyrir slíkar vörur en aðrar sökum þeirra gæðaeiginleika er tilvísunin á að tryggja.

Markmiðið er ekki að einn framleiðandi öðlist einkarétt á viðkomandi heiti og geti þar með útilokað aðra framleiðendur frá því að framleiða sömu vöru undir sama heiti eins og gert er með hefðbundinni vörumerkjavernd. Markmiðið er þvert á móti að standa vörð um þann hóp framleiðenda sem á það sameiginlegt að vera frá sama svæði og hafa tekið þátt í að þróa þá vöru sem framleidd er undir viðkomandi heiti.

Mikilvægt er að átta sig á því að það er vöruheitið sjálft en hvorki varan né uppskrift hennar sem nýtur verndar. Notkun heitisins er oftast háð leyfi opinberra aðila og þá að uppfylltum ákveðnum kröfum. Svipað og um vörumerki tryggja landfræðilegar tilvísanir það að neytandinn getur gengið að ákveðnum gæðum eða eiginleikum vísum. Án verndar ættu landfræðilegar merkingar, líkt og önnur hugverkaréttindi, á hættu að verða fölsunum og eftirlíkingaiðnaði að bráð.



Upprunastaður vörunnar felst í heiti hennar, hluta þess eða í annarri tilvísun í viðkomandi landsvæði - einu nafni landfræðilegar merkingar, samanber Limfjords gulrødder.

Þekktustu landfræðilegu tilvísanirnar eru eflaust þær sem notaðir eru um vín, sem tengjast ýmsum landsvæðum, eins og til að mynda Champagne, Bordeaux og Cognac.



### 3. Lagaleg og alþjóðleg viðhorf

Landfræðilegar tilvísanir öðluðust fyrst lagavernd fyrir 130 árum. Í Parísarsamþykktinni frá 1883 um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar er því lýst yfir, að hún taki meðal annars til verndar upplýsinga um uppruna og landfræðilegra tilvísana gegn villandi notkun. Mjög er þó mismunandi hvernig landfræðilegum tilvísunum hefur verið veitt vernd í einstökum löndum. Það er ýmist í vörumerkjajöggjöf, lögum um óréttmæta viðskiptahætti eða í sérlöggjöf um vernd landfræðilegra merkinga. Á síðustu áratugum hefur verið ýtt undir samræmingu á vernd landfræðilegra tilvísana milli landa. Hugsunin er sú að þeim sé veitt ákveðin lágmarksvernd, bæði á alþjóðavettvangi og innan Evrópusambandsins sérstaklega.

Meginskilyrði fyrir vernd landfræðilegrar tilvísunar eru almennt talin eftirfarandi:

- **Landfræðileg tengsl:** Heitið þarf að fela í sér tilvísun til ákveðins staðar eða svæðis, sem getur verið allt frá litlu þorpi til ríkis (í undantekningartilfellum). Varan þarf þó ekki endilega að bera heiti staðarins eða svæðisins. Varan og heitið þurfa samt óumdeilanlega að vera tengd honum.
- **Gæðatengsl:** Varan verður að hafa til að bera viss gæði eða ákveðna eiginleika sem greina hana frá öðrum vörum sömu tegundar og sem jafnframt er hægt að rekja til sérstakra þátta í upprunaumhverfi hennar.
- **Nafnatengsl:** Heitið má ekki vera orðið almennt lýsandi tegundarheiti. Þróunin getur orðið sú að heiti sem eitt sinn fól í sér landfræðilega tilvísun til uppruna vörunnar hafi öðlast almennt lýsandi merkingu um tegund vöru án tillits til þess hvar hún er framleidd. Dæmi um slíkt er t.a.m. dijon sinnepl, sem áður vísaði til franska bæjarins Dijon.

Í mörgum löndum er sú vernd sem fylgir landfræðilegum merkingum með lögum sambærileg við þá vernd sem vörumerki og sérstaklega vottunarskírteini njóta. Lög um landfræðilegar merkingar takmarka notkun þeirra við að sérgreina einstakar framleiðsluvörur, hráefni eða framleiðslaðferð með tengingu við sérstök landsvæði eða gæðastaðla.

Enda þótt landfræðileg merking sé ekki tegund af vörumerki, þar sem henni er ekki ætlað að sérgreina einstök fyrirtækjamerki, eru venjulega reistar skorður við því í lögum að skrá vörumerki sem fela í sér landfræðilega tilvísun. Í löndum sem viðurkenna ekki sérstakar landfræðilegar merkingar geta svæðisbundin viðskiptasamtök komið þeim á að vissu marki með vottunarskírteinum án þess að heitið njóti lagaverndar. Annar möguleiki eru hin svokölluðu félagamerki, samanber lög nr. 155/2002 um félagamerki. Þar er þó aðeins um að ræða hópvörumerki og ekkert opinbert eftirlit með gæðapáttum vörunnar.

Ýmis líkindi eru með landfræðilegum merkingum og vörumerkjum, svo sem neytendavernd og tilskilin skráning. Eitt helsta skilyrðið sem stjórnvöld gera fyrir skráningu á landfræðilegi merkingu er að vörumerhið megi ekki vera í mikilli notkun sem almennt tegundarheiti fyrir svipaða vöru. En auðvitað háttar oft þannig til að sérstakt heiti á velþekktri héraðskrás í einu landi getur í öðru verið almennt lýsandi heiti eða ósérgreint vörumerki fyrir þá tegund af vöru. Dæmi um þetta er að Parmigiano/Reggiano ostur á Italíu, sem er vernduð upprunavísun í Evrópu, en Parmesan ostur telst almennt heiti í Ástralíu og Bandaríkjunum.

Landfræðilegar merkingar eru verðmætar fyrir framleiðendur af sömu ástæðum og vörumerki. Þannig tengist umbun fyrir viðleitni til þess að auka gæði oft vörumerkjum jafnt sem landfræðilegri merkingu og þörfin fyrir neytendavernd er oft notuð sem réttlæting fyrir hvoru tveggja. Landfræðilegar merkingar þjóna einnig svipuðum tilgangi og vörumerki vegna þess að þær sérgreina eins og þau uppruna, gæðatryggingu og mikilvæga viðskiptahagsmuni.

Eftirlit með landfræðilegum merkingum og vörumerkjum er í höndum stjórnvalda í hverju ríki vegna þess að skráningarskilyrði og skilningur á vöruheitum eru ólík í löndunum. Þetta á einkum við um fæðu og drykki en getur einnig átt við um vörur eins og teppi, handíðir, blóm og ilmvötn.

Þegar vörur með landfræðilega merkingu öðlast alþjóðlegan orðstír, gætir tilhneicingar til þess að reynt sé að láta líta svo út að svipaðar vörur séu af sama meiði. Samkeppni af þessu tagi er oft álitin óheiðarleg, þar sem hún getur skemmt fyrir hefðbundnum framleiðendum og villt um fyrir neytendum. Af þeim sökum hefur Evrópusambandið til dæmis gert sér far um að auka alþjóðlega vernd landfræðilegra merkinga. Vert er þó að minna á þegar rætt er um óheiðarlega samkeppni í þessu sambandi, að oft á tíðum er framleiðsla á vörum, sem bera landfræðilega merkingu í heimalandinu, á vegum evrópskra innflytjenda í öðrum löndum sem hafa flutt með sér hefðbundnar aðferðir, þekkingu og hæfileika til nýrra heimkynna.



Eitt helsta skilyrðið sem stjórnvöld gera fyrir skráningu á landfræðilegri merkingu er að vöruheitið megi ekki vera í mikilli notkun sem almennt tegundarheiti fyrir svipaða vöru.

## 4. Alþjóðlegir samningar



Skilyrt er af landbúnaðarráðuneyti Georgíufylkis í Bandaríkjum að VIDALIA lauka megi aðeins rækta á vissu svæði kringum Vidalia í Georgíu.

Á vettvangi alþjóðaviðskipta hefur þótt mikilvægt að samræma mismunandi aðferðir og staðla sem ríkisstjórnir nota við skráningu á landfræðilegum merkingum. Fyrstu tilraunina sem gerð var í þeim eftirnum er að finna í Parísarsáttmálanum um vörumerki frá 1883. Þá má nefna alþjóðasáttmálann um upprunavísanir á ostum frá 1951 sem kenndur er við ferðamannabæinn Stresa við Maggiore vatn í Piedmont á Norður-Ítalíu, en þar hafa verið gerðir ýmsir alþjóðlegir samningar, og má rekja upphaf landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins (CAP) til fundar sem haldin var í Stresa 1958. Það sama ár var næsta tilhlaup gert í landfræðilegum merkingum og fólst það í gerð Lissabon samþykktarinnar um vernd upprunaheita og skráningu þeirra (Lisbon Agreement on the Protection of Appellations of Origin and their Registration). Fá ríki gerðust aðilar að Lissabon sáttmálanum, voru aðeins 17 árið 1997, og þá voru 170 skráð landfræðileg heiti tilheyrandi honum.

### WTO samningur um hugverkarétt í viðskiptum

Árið 1994 lauk samningum á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (World Trade Organization, WTO) varðandi samninginn um hugverkarétt í viðskiptum (WTO Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights („TRIPS“)). Ríkisstjórnir allra aðildarlanda (154 ríki í apríl 2012) hafa samþykkt að innleiða hjá sér vissa grunnstaðla um vernd landfræðilegra merkinga. Í aðalatriðum er um tvennskonar skuldbindingar fyrir stjórnvöld að ræða samkvæmt TRIPS.

**1. Í grein 22.** er öllum ríkisstjórnum gert skylt að tryggja eigendum skráðra landfræðilegra merkinga lagalegt úrræði til þess að hindra notkun merkinga sem villa um fyrir almenningi varðandi landfræðilegan uppruna. Einnig er tekið fram að ríkisstjórnir geti neitað að skrá vörumerki eða ógilt skráð vörumerki ef það er villandi hvað snertir sannan uppruna vörurnar.

**2. Í grein 23.** er öllum ríkisstjórnin gert skylt að tryggja eigendum skráðra landfræðilegra merkinga með lögum réttinn til þess að hindra notkun merkinga, sem vísa til þess að vín og sterkir drykkir séu upprunnin á viðkomandi stað án þess að vera það. Þetta gildir einnig um vín sem merkt eru t.d. í „Bordeaux stíl“, „að hætti Búrgundarvína“ o.s.frv.

Þetta skilyrði í 23. grein TRIPS hefur á Íslandi verið uppfyllt í lögum um vörumerki nr. 45/1997 þar sem segir m.a. í 14. grein: „Óheimilt er að skrá vörumerki fyrir vín og sterka drykki, sem fela í sér landfræðileg heiti á vínum og sterkum drykkjum, nema varan sé upprunnin frá viðkomandi stað“.

### 4.2 Alþjóðlega skrá rædd í Doha viðræðunum

Í Doha viðræðum Alþjóða viðskiptastofnunarinnar, sem hófust árið 2001, hefur meðal annars verið fjallað um möguleikana á að taka upp „alþjóðlega skráningu“ á landfræðilegum merkingum. Sum lönd og ríkjasambönd, þar á meðal Evrópusambandið, þrýsta á um lagalega bindandi skrá, meðan önnur ríki, eins og Bandaríkin, kjósa fremur óskuldbindandi kerfi, sem fæli það eingöngu í sér að Alþjóða viðskiptastofnunin héldi saman skrá um landfræðilegar merkingar aðildarlanda sinna.

Sum ríki og ríkjasambönd, einkum ESB, hafa viðrað hugmyndir í Doha-viðræðunum um að bæta við landbúnaðarvörum, öðrum en vínum og sterkjum drykkjum, undir grein 23 í TRIPS samningnum. Rökin



Hver og einn sem á sauðfé af réttum stofni getur búið til Roquefort ost, sé hann búsettur í þeim hluta Frakklands þar sem sá ostur er gerður, en enginn utan þess svæðis.

eru þau að í þessu fælist aukin vernd fyrir landfræðilegar merkingar í alþjóðaviðskiptum. Þessar hugmyndir eru umdeildar og bykir Bandaríkjastjórn til að mynda vafasamt að bæta fleiri vörutegundum við hin styrktu vernd í 23. grein, og telja vafasamt að framleiðendaverndin sem í henni felst skili neytendum ætíð þeim hagsbótum sem séu grunnmarkmið landfræðilegrar merkingar.

#### 4.3 Mismunandi heimspekkileg viðhorf

Ein ástæðan fyrir þeim ágreiningi sem jafnan kemur upp milli evrópskra stjórnavalda og Bandaríkjastjórnar er sá munur sem er á heimspekkilegu viðhorfi þeirra til þess hvað felist í skilgreiningunni „ekta“ vara.

Í Evrópu er ríkjandi kennингin um „staðarvísun“, sem felur í sér að það sé sérstök eign landsvæðis, sem kalli á reglur um notkun landfræðilegra merkinga. Þannig geti hver og einn sem á sauðfé af réttum stofni búið til Roquefort ost, sé hann búsettur í þeim hluta Frakklands þar sem sá ostur er gerður. Enginn getur á hinn bóginn utan þess landsvæðis búið til mygluost úr sauðamjólk og kallað hann Roquefort, jafnvel þótt hann sé gerður nákvæmlega eftir því ferli sem lýst er í skilgreiningunni á Roquefort osti.

Aftur á móti er það meginjónarmiðið í Bandaríkjunum að nafngjöf vöru heyri til vörumerkjarettar. Þannig tilheyrir heitið „Grayson“ Meadowcreek Farms, og fyrirtækið hefur einkarétt á að nota það sem vörumerki. Enginn, jafnvel ekki í Grayson sýslu í Virginíu, getur kallað sinn ost Grayson. Á hinn bóginn gæti Meadowcreek Farms notað vörumerkið Grayson á vöru framleidda á búi sínu annars staðar í Bandaríkjunum, jafnvel í órafjarlægð frá Grayson sýslu. Það er þörf Meadowcreek Farms til þess að varðveita orðstír sinn sem fyrirtækis sem talin er vera gæðatryggingin.

Það er þessi greinarmunur sem oftast veldur ágreiningi milli Bandaríkjanna og Evrópuríkja í afstöðu til landfræðilegra heita.

Landfræðilegar merkingar eru í flestum tilfellum tengdar Evrópu, en samt má rekja kerfi Bandaríkja Norður-Ameríku á þessu sviði að minnsta kosti aftur til alríkislagu um vörumerki frá 1946. Í löndum sem viðurkenna ekki sérstakar landfræðilegar merkingar geta svæðisbundin viðskiptasamtök komið þeim á að vissu marki með vottunarskíteinum, eins og áður sagði.

Sem dæmi um landfræðilegar tilvísanir í Bandaríkjunum má nefna FLORIDA sem merki á appelsínur og appelsínusafa, vottað af fylkisstjórninni. Kartöflunefndin í Idaho skráir IDAHO og RÆKTAÐ Í IDAHO sem nokkurskonar félagamerki á kartöflur. Skilyrt er af landbúnaðarráðuneyti Georgíufylkis að VIDALIA lauka megi aðeins rækta á vissu svæði kringum Vidalia í Georgíu, og WASHINGTON STATE er lögħelgaðaður fylkisstimpill á epli, svo nokkur dæmi séu nefnd. Þá gerðist það í tengslum við gerð fríverslunarsamningsins NAFTA – North American Free Trade Agreement - að lögħelgað var samkvæmt þeim samningi, að Tennessee whiský sé „óblandað Bourbon Whiský sem aðeins er heimilt að framleiða í Tennessee fylki“.

## 5. ESB löggjöf um landfræðilegar merkingar

Innan nokkurra Evrópuríkja er löng hefð fyrir vernd landfræðilegra merkinga. Eitt elsta verndarkerfið undir heitinu *appellation d'origine contrôlée* (AOC) komst í gagnið snemma á tuttugustu öld í Frakklandi. Vara sem fullnægjir skilyrðum um uppruna og gæði getur fengið opinberan stimpil sem tryggir viðurkenningu á því gagnvart neytendum að um sé að ræða vottaða gæðavöru. Það eru einkum frönsk vín sem skarta þessum stimpli svo og ostar eins og Roquefort og Port Salut.

Á vettvangi Evrópubandalagsins (EB) voru reglur um vernd landfræðilegra merkinga fyrst samræmdar fyrir vín og sterkt áfengi, sem þó byggir áfram á AOC kerfum aðildarríkjanna.

Frá 1992 hefur samkvæmt löggjöf Evrópusambandsins (ESB) verið mögulegt að vernda á sambandsvísu vöruheiti sem gefa til kynna uppruna flestra gerða landbúnaðarvara, og var kerfinu ætlað að koma í stað landskerfa einstakra Evrópuríkja (þó ekki fyrir vín, sterka drykki og vatn). Reglugerð ESB nr. 510/2006 myndar lagaramma kerfisins og er hún hluti Evrópuréttar. Kerfið sem nefnist Vernd landfræðilegra merkinga –VLM (Protected Geographical Status –PGS) skiptist í þrjá flokka: Vernd upprunatákna –VUT (Protected Designation of Origin –PDO), Vernd landfræðilegra tilvísana –VLT (Protected Geographical Indication –PGI) og Trygging hefðbundinnar sérstöðu –THS (Traditional Speciality Guaranteed –TSG). Síðastnefndi flokkurinn er nokkuð frábrugðinn hinum tveimur og byggir á reglugerð nr. 509/2006.

Yfirlýstur tilgangur verndarinnar samkvæmt réttareglum ESB er:

- að auka virði upprunalegrar og landshlutatengdrar búvöruframleiðslu,
- að vernda orðstír svæðisbundinnar framleiðslu, sérstaklega í dreifbýli,
- að halda fram gildi búsetu og framþróunar í landshlutum og landbúnaði,
- að bæta kjör bænda gegn sannanlegri viðleytni til þess að auka gæði vöru,
- að treysta neytendavernd,
- að vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum,
- að hamla villandi upplýsingajöf til neytenda um óekta vörur, (sem geta verið rýrari að gæðum og öðruvísi á bragðið en landfræðilega merktar vörur),
- að koma á framfæri skýrum og nákvæmum upplýsingum til neytenda um uppruna vöru.

Reglur þessar eru hluti af gæðastefnu ESB í landbúnaði og við framkvæmd hennar nýtur framkvæmdastjórn ESB aðstoðar sérstakrar gæðastefnunefndar. Þessar reglur ESB eru ekki hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) sem Ísland á aðild að.

Reglurnar vernda meðal annars heiti á vínum, ostum, skinku, pylsum, sjávarfangi, ólífum, bjór, balsamik ediki og jafnvel svæðisbundnum brauðtegundum, ávöxtum og grænmeti. Fæðutegundir eins og Gorgonzola, Parmigiano-Reggiano, Melton Mowbray svínabökur, Asiago ostur og Champagne mega aðeins vera merktar þessum heitum ef þær eiga uppruna sinn á samnefndum landsvæðum. Skilyrði fyrir að öðlast rétt til heitisins Roquefort eru til dæmis að myglouosturinn sé unnninn úr mjólk sérstaks sauðfjárstofns, og að hann hafi þroskast í náttúrulegum hellum í nánd við bæinn Roquefort-sur-Soulzon í Aveyron héraði í Frakklandi, þar sem hann gerjast með gróum svepps (*Penicillium roqueforti*) sem þrífst í þessum hellum.

Í Evrópurétti sem víða annarsstaðar telst vernd landfræðilegra merkinga undirgrein í hugverkarétti, sem lýtur eignarréttarákvæðum í einkarétti. Um sjálfstæð réttindi er að ræða þar sem verndin hvílir ekki á öðrum tegundum hugverkaréttinda, t.d. vörumerkjum eða einkaleyfum.



ESB kerfið með Vernd landfræðilegrar stöðu er svipað eðlis og Appellation-kerfin (Héraðseftirlitskerfi) sem viða tíðkast, í tengslum við vín, sterka drykki og vatn, svo sem Appellation d'origine contrôlée (AOC) í Fraklandi; Denominazione di origine controllata (DOC) á Ítalíu; Denominação de Origem Controlada (DOC) í Portúgal og Denominación de Origen (DO) á Spáni. Ýmsar aðrar gæðamerkingar eru einnig fyrir hendi.

### 5.1 Skráning og vernd innan ESB

Verndaðar merkingar eru meðhöndlaðar sem hugverkaréttindi í tollareglugerð ESB nr. 1383/2003, og vörur sem ganga í bága við slík réttindi má gera upptækur í tolli við innflutning. Mismunandi er eftir löndum innan ESB hvernig litið er á hugsanleg brot á þessu svíði; sums staðar er litið á athæfið sem fölsun, annars staðar sem misvisandi auglysingar eða eftirlíkingar og jafnvel sem spurningu um almennt heilsufar. Utan Evrópu er vernd landfræðilegra merkinga oftast háð því hvort fyrir hendi eru tvíhlida samningar milli innflutningslandanna og ESB. Þó er ekki alltaf um það að ræða að slík vernd gangi framar annarri vernd hugverkaréttinda svo sem vörumerkjum.

Umsókn um upprunatáknun eða landfræðilega tilvísun er ávallt beint fyrst til viðkomandi aðildarlands að ESB. Stjórnvöld þar meta umsóknina um skráningu með tilliti til reglugerðar nr. 510/2006, og sé hún álitin gild, er hún framsend framkvæmdastjórn ESB til lokaafgreiðslu. Umsóknir eru birtar á báðum stigum þannig að þeir sem telja sig bíða skaða af slíkum merkingum geti gripið til andmælaréttar. Oftast er um að ræða andmæli vegna álitamála um það hvað telja beri almenn lýsandi heiti, sem ekki megi skrá.

Vöruheiti sem eiga uppruna sinn í þriðju löndum (löndum utan ESB) geta hlotið skráningu að því gefnu að þau njóti verndar í heimalandi sínu.

Komist vöruheiti inn á skrá sem upprunatáknað eða landfræðilega merkt er það varið gegn almennri notkun. Skráðum nöfnum er veitt rík vernd. Öðrum er óheimilt að að nota nafnið í viðskiptum fyrir sambærilegar vörur, beint eða óbeint, þar sem það getur villt fyrir um sannan uppruna fyrir neytendum. Einnig er óheimilt að nýta sér orðspor hins verndaða heitis með eftirlíkingum eða stælingum. Þannig var Cheddarostur talinn vera almennt lýsandi heiti í slíku umsóknarferli en „West Country Cheddar sveitaostur“ var talinn verðskulda upprunatáknun. Í umtölusum og endurteknum málarekstri var Feta að endingu samkvæmt úrskurði Evrópudómstólsins árið 2006 ekki talið almennt heiti, og hlaut það því þar með upprunatáknun til ama fyrir ostaframleiðendur annars staðar en í Grikklandi.

Rétt er að geta þess að þegar ESB kerfinu var komið á var sópað undir þennan hatt ýmsum vörheitum, sem álitamál eru uppi um hvort verðskulda að vera á lista um verndaðar landfræðilegar merkingar. Hægt er að vefsengja skráningu vöruheita og ryðja þeim af listanum, en það kostar málarekstur, fyrst gagnvart eftirlitskerfinu innanlands, síðan hjá stofnunum ESB og loks fyrir Evrópudómstólnum ef því er að skipta.

### 5. 2 ESB reglugerðin er ekki hluti af EES

Núverandi reglugerð ESB nr. 510/2006 um verndun upprunatákna og landfræðilegra tilvísana fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli er ekki hluti af EES samningnum. Samsvarandi löggjöf um vernd landfræðilegra merkinga hefur ekki verið sett hér á landi. Skráning Grikkja á orðinu FETA sem landfræðilegri tilvísun hefur því ekki bindandi áhrif hér á landi. Varðandi áhrifin almennt kemst Sigurður L. Arnalds hrl. að eftirfarandi niðustöðu í Lögmannablaðinu árið 2006:

1. Landfræðilegar merkingar njóta á hinn bóginn verndar samkvæmt vörumerkjalögum en nr. 45/1997, en samkvæmt 2. tölulið 1. málsgreinar 14. greinar laganna er meðal annars óheimilt að skrá vörumerki ef það er til þess fallið að villa fyrir um uppruna vörunnar.
2. Ákvæðið kemur þannig í veg fyrir að skráð séu sem vörumerki heiti sem njóta verndar sem landfræðilegar tilvísanir, nema þær komi sannanlega frá upprunalandinu.
3. Sú staðreynd að fetaostinum hefur verið veitt vernd sem landfræðilegri tilvísun mun því leiða til þess að hafna beri skráningu á vörumerkinu FETA fyrir ost, nema um vöru upprunna í Grikklandi sé að ræða.

### **5.3 Vernd landfræðilegra merkinga - VLM (*Protected Geographical Status – PGS*)**

Á vettvangi Evrópubandalagsins voru reglur um vernd landfræðilegra merkinga fyrst samræmdar fyrir vín og sterkt áfengi. Frá 1992 hefur verið mögulegt að vernda á sambandsvísu vöruheiti sem gefa til kynna uppruna flestra gerða landbúnaðarvara. Kerfið sem nefnist Vernd landfræðilegra merkinga –(VLM) skiptist í þrjá sjálfstæða flokka: Vernd upprunatáknunar –(VUT); Vernd landfræðilegrar tilvísunar- (VLT); og Trygging hefðbundinnar sérstöðu –(THS) Heildarlista ( í stafrófsröð ríkja) um landbúnaðarvörur sem njóta VLM-verndar á vegum ESB er að finna á <http://ec.europa.eu/agriculture>

Hér er reynt að þýða heiti kerfisins og flokka þess bökstaflega. Hætt er við að slíkt stofnanamál þyki óþjált í munni á íslensku, enda þótt nákvæmar þýðingar verði vafalaust notaðar í opinberum plöggum. Því er spurning hvort ekki sé raunsætt að einfalda málið með því að nota Vernd landfræðilegra merkinga sem heildarheiti á kerfinu en tala svo til hægðarauka um upprunavísun, staðarvísun (svæði, sveitarfélag, land) og hefðartryggingu í daglegu máli. „Appellation“ kerfin sem rætt hefur verið um hér að framan mætti með sama hætti kalla í daglegu máli héraðsvísun. Vernd landfræðilegra merkinga væri þá kerfi innan Evrópusambandsins sem fæli í sér verndaða upprunavísun, verndaða staðarvísun og hefðartryggingu. Í framtíðinni má svo búast við því að verndaðar héraðsvísanir og jafnvel aðrar gæðamerkingar verði sameinaðar þessu verndarkerfi landfræðilegra merkinga.

Í janúar 2012 höfðu yfir 1000 vöruheiti fengið vernd landfræðilegrar merkinga, ýmist upprunavísun eða staðarvísun. Meðal nýjustu vöruheita á ofangreindum lista, sem hljóta vernd upprunavísunar, eru Vulture, ítölsk olífuolía, og Fasola Wrzawska, pólskar baunir.

Samkvæmt minnisblaði frá landbúnaðarsviði framkvæmdastjórnar ESB í Brussel frá 15. febrúar 2011, skiptist listi ESB um vernduð landfræðileg vöruheiti í landbúnaði þannig að 505 eru með upprunavísun (PDO á ensku), 465 með staðartilvísun (PGI) og 30 með hefðartryggingu (TSG). Ítalía er með langflest skráð heiti, eða yfir 200, Frakkland með ca 175 og Spánn með nærrí 150. Norrænu ESB ríkin eru með tiltölulega fá skráð heiti, Finnland með 7, Svíþjóð 5 og Danmörk 3.

Flest vernduð vöruheiti, yfir 250, tengjast ávöxtum, grænmeti og kornvöru, þá koma vöruheiti á kjötvöru og unnum kjötvörum, um 220, og ostum, nærrí 200. Framleiðendur á olíu og feitmeti státa af rúmlega 100 vöruheitum á listanum og famleidendur á öli, vatni, kökum, fiskivöru, eggjum, hunangi og mjólkurvörum eiga einnig á að skipa tugum vöruheita á listanum.

Rannsókn sem framkvæmdanefndin léti gera leiddi í ljós að heildsöluvelta varnings með skráða uppruna- og staðarvísun nam rösklega 14 milljörðum Evra á árinu 2007. Þegar minnisblaðið var ritað voru 16 ný vöruheiti tilbúin til skráningar, auk þess sem riflega 100 voru á ýmsum stigum í umsóknar- eða umsagnarferli.



#### 5.4 Vernd upprunatáknunar - VUT (*Protected Designation of Origin – PDO*)

Vernd upprunatáknunar - (VUT) byggist á nafni svæðis, sérstaks staðar eða, í undantekningartilvikum, á nafni lands, sem notað er til merkingar á landbúnaðarvöru eða fæðutegund,

- sem er frá slíku svæði, stað eða landi,
- þar sem gæði eða eiginleikar vörurnar ákvarðast í ríkum mæli eða eingöngu af landfræðilegu umhverfi, þar með töldum náttúrulegum og mannlegum þáttum, og
- þar sem framleiðsla, vinnsla og tilreiðsla fer fram á hinu skilgreinda landsvæði.

Með öðrum orðum: Til þess að fá VUT – stöðu þarf meginhráefni til vörurnar og öll vinnsla að fara fram innan tilgreinds svæðis og þannig hafi varan öðlast einstaka eðlisþætti.



#### 5.5 Vernd landfræðilegrar tilvísunar - VLT (*Protected Geographical Indication – PGI*)

Vernd landfræðilegrar tilvísunar – (VLT) byggist á nafni svæðis, sérstaks staðar eða, í undantekningartilvikum, á nafni lands, sem notað er sem lýsing á landbúnaðarvöru eða fæðutegund,

- sem er frá slíku svæði, stað eða landi,
- sem býr yfir sérstökum gæðum, orðstír eða annarri einkennandi eigind, sem rekja má til landfræðilegs uppruna,
- þar sem framleiðsla og/eða vinnsla og/eða tilreiðsla fer fram á hinu skilgreinda landsvæði.

Með öðrum orðum: Til þess að fá VLM-stöðu þarf meginhráefni til vörurnar eða eitthvert stig vinnslu hennar að fara fram innan tilgreinds svæðis og þannig að við viðkomandi stig öðlist varan einstaka eðlisþætti.



#### 5.6 Trygging hefðbundinnar sérstöðu – THS (*Traditional Speciality Guarantee – TSG*)

Trygging hefðbundinnar sérstöðu – (THS) er gæðamerki ætlað landbúnaðarvöru eða fæðutegund, sem býr yfir vissum eiginleika, eða samþættum eiginleikum, sem aðgreinir hana skýrt frá öðrum svipuðum vörum eða fæðutegundum er tilheyra sama vöruflokki. Varan eða fæðutegundin verður að vera framleidd með hefðbundnum innihaldsefnum eða einkennast af hefðbundinni samsetningu, framleiðsluaðferð eða meðhöndlun, sem endurspeglar hefð-bundna aðferð við framleiðslu eða tilreiðslu.



Í janúar 2012 höfðu yfir 1000 vöruheiti fengið vernd landfræðilegar merkinga, ýmist upprunavísun eða staðarvísun. Meðal nýjustu vöruheita á ofangreindum lista, sem hljóta vernd upprunavísunar, eru Vulture, ítölsk olífuölía, og Fasola Wrzawska, pólskar baunir.



Með öðrum orðum: Til þess að fá THS-stöðu þarf varan ekki að vera upprunin innan landfræðilega afmarkaðs svæðis; það er nóg að hún sé hefðbundin/samkvæmt hefðbundinni uppskrift og greini sig frá öðrum svipuðum vörum.

## 6. Gagnrýni á VLM kerfið



Afar torvelt er að komast inn á Stilton ostamarkaðinn í Bretlandi vegna strangra reglna.

Ýmiskonar gagnrýni hefur verið sett fram á Vernd landfræðilegra merkinga (VLM) og eins og svo oft í umræðum um Evrópusambandið eru andstæðir pólar í henni. Kerfið hefur bæði verið skilgreint sem varnarviðbröð gegn alþjóðlegum landbúnaðarmarkaði og svo sem markaðstengt nýfrjálshyggiutóli í stjórnarháttum búvorukerfisins. Þannig hefur það orðið bitbein milli þeirra sem berjast gegn alþjóðavæðingu viðskipta og hinna sem efla vilja frjáls viðskipti á heimsvísu.

- VLM kerfið á sér ekki stoð í Rómarsamningnum frá 1957 eða öðrum grundvallarsamningum Evrópusambandsins. Segja má að takmarkanir og verndarskilyrði þess geti í vissum tilfellum stangast á við meginviðhorf um fjórfrelsíð svokallaða, það er að segja frjálst flæði vöru, vinnu, fjármagns og þjónustu milli ESB og EES ríkja. Það er þó talið að kerfið hafi lögmað markmið, þ.e. sé til verndar hugverkaréttindum.
- Í sameiginlegri landbúnaðarstefnu ESB (CAP) hafa smám saman verið innleidd ýmis markaðstengd tæki (MBI) til þess að stýra landbúnaðarframleiðslunni. Vernd landfræðilegra merkinga (VLM) er eitt þeirra. Það kerfi er því markaðsstýrt innan ramma reglugerða ESB. Eins og alkunna er þá er markaðs-kerfið ófullkomið og skapar oft á tíðum félagslegt ójafnvægi.
- VLM skapar markaði þar sem þeir voru ekki fyrir. Með því að búa til svokallaða „siðferðilega matvælamarkaði“ hefur framleiðendum tekist að ná fram hærra verði á vörur sínar. Það byggist á staðhæfingu um að „staðbundin“ framleiðsla sé í sjálfu sér „góð“ eða að minnsta kosti „betri“ en framleiðsla óhefts og alþjóðlegs matvælamarkaðar. Sem dæmi má taka að framleiðendum reykts fiskjar í Grimsby hefur tekist að fá hann skráðan með staðarvísun og það hefur gert þeim kleift að bæta afkomuna á erfíðum tínum.
- VLM-kerfið er stundum sagt hafa skapað aðgangs- og nýliðunarhindranir innan landbúnaðargeirans. Þegar dregin eru landfræðileg mörk kringum framleiðslu á vissum fæðu- og drykkjartegundum geta þau gert aðilum utan þeirra, eða nýjum aðilum innan þeirra, næstum ókleift að hefja samkeppni á jafnréttisgrundvelli. Þannig er til að mynda afar torvelt að komast inn á Stilton ostamarkaðinn í Bretlandi vegna strangra reglna sem lúta að svæðisafmörkun, framleiðsluskilyrðum, leyfisveitingum, tímamörkum og hæfniskröfum.
- Þá hefur því verið haldið fram að VLM kerfið geti þrengt að samkeppni á mörkuðum sem þegar eru fyrir hendi. Þar er Feta málið ágætis dæmi, þegar vöruheiti sem vinsælt var orðið á mörkuðum í ýmsum löndum, fær að lokum upprunavernd sem grískt vöruheiti eingöngu.
- Að kerfið tryggi í sjálfu sér ekki gæði framleiðslu og eftirlit sé víða ónógt. Á þessu er meðal annars tekið í yfirstandandi endurskoðun reglnanna.
- Fleiri dæmi úr umræðu um VLM kerfið mætti nefna, svo sem áhrif þess á verð á landi og hvort það feli í sér tilhneigingu til yfirfærslu á valdi frá kjósendum til neytenda, en ekki verður farið út í þá sálma hér.

## 7. Framtíðarþróun VLM kerfisins

Í lokaritgerð Ingólfss Friðrikssonar við lagadeild Háskólans á Akureyri frá 2011, sem nefnist í íslenskri þýðingu: Verndaðar upprunatáknir og landfræðilegar tilvísanir fyrir landbúnaðarvörur.- Skilyrði fyrir skráningu samkvæmt ESB löggjöf og verndin sem hún felur í sér, er farið yfir það endurskoðunarferli sem á sér stað innan Evrópusambandsins á þessu sviði en áætlað er að því ljúki á yfirstandandi ári, 2012.

Fyrir liggur tillaga um að einfalda og samræma ýmsa þætti í sameiginlegri gæðastefnu ESB fyrir búvörur. Meðal þess sem framkvæmdanefnd ESB leggur til er að sjálfstæðu flokkarnir þrír sem heyra undir vernd landfræðilegra merkinga, það er að segja upprunavísanir, staðarvísanir og hefðartrygging, svo og önnur óháð gæðakerfi, verði felld undir eitt samræmt stjórkerfi, enda þótt flokkunum verði haldið í meginatriðum óbreyttum. Hins vegar sé markmiðið að einfalda og samtengja, þar sem það á við, reglur um umsóknarferli og eftirlit til þess að tryggja samræmi. Flokkarnir í kerfinu munu áfram heyra undir sameiginlegu gæðastefnunefndina.

Í tilfelli upprunavísunar og staðarvísunar er gert ráð fyrir að flokkarnir nái yfir sömu vörur og áður að viðbættu þó dökku súkkulaði. Vín, sterkir drykkir og vatn verða áfram í sérstæðum kerfum. Markverðustu breytingarnar tengjast skilgreiningunum á uppruna- og staðarvísunum, og hlutverki aðildarlandanna við framkvæmd verndunar skrádra vöruheita. Auk þess er kveðið á um hlutverk og ábyrgð framleiðendahópa við eftirlit og kynningu á verndinni. Loks er skráningarferlið stytt.

### 7.1 Einfaldari og skýrari skilgreiningar

Skilgreining á upprunavísun og staðarvísun er talsvert einfölduð. Tillagan að orðalagi er sem hér segir:

a) „upprunatáknun“ er heiti sem greinir vöru:

- I sem upprunnin er á sérstökum stað, svæði, eða í undantekningartilvikum, í landi,
- II sem gæði eða einkenni hennar eiga fyrst og fremst eða eingöngu rót sína í sérstöku landfræðilegu umhverfi með sínum eigin mannlegu og náttúrulegu eðlisþáttum, og
- III sem (unnin er þannig) aðframleiðsluþrep hennar eiga sér öll stað innan sama skilgreinda landfræðilega svæðis;

b) „landfræðileg tilvísun“ er heiti sem greinir vöru:

- I sem upprunnin er á sérstökum stað, svæði eða landi,
- II sem ákveðin gæði, orðstír eða önnur einkenni hennar má fyrst og fremst rekja til landfræðilegs uppruna síns, og
- III sem (unnin er þannig) að minnstakosti eitt framleiðsluþrep hennar á sér stað innan landfræðilega skilgreinds svæðis.

Eins og fram kemur er ekki eins augljóst í þessum texta að heiti vöru þurfi að vera beintengt við nafn svæðis, staðar eða lands til þess að fá vernd eins og í nágildandi skilgreiningu. Ekki er þó talið að hér sé um eðlilsbreytibngu að ræða heldur einföldun og samræmingu við það sem nú tilkast við landfræðilega merkingu á vínum.

### 7.2 Aðildarlöndum gert skylt að stöðva ólöglega notkun?

Tillaga framkvæmdastjórnar ESB gerir aðildarlöndunum skylt að hindra eða stöðva ólöglega notkun verndaðra uppruna- eða staðarvísana með viðeigandi stjórnsýslu- eða lagaúrræðum. Hér er um verulega breytingu að ræða, því framleiðendur verða eins og nú háttar sjálfir að reka mál fyrir dómstólum til þess

að ná fram rétti sínum, og aðildarríkjunum er aðeins skyldt að tryggja að fyrir hendi séu réttarfarsleiðir til þess. Verði þessi breyting samþykkt mun staða framleiðenda styrkjast vegna þess að hingað til hafa þeir átt í erfiðleikum að tryggja vernd landfræðilegra merkinga utan heimalanda sinna. Á hinn bóginn væri hér verið að rjúfa þá hefð sem ríkir í mörgum löndum að rétthafar þurfi sjálfir að tryggja vernd hugverkaréttinda sinna.

Tillagan gerir ráð fyrir því að hefðartryggingin verði afmarkaðri og sterkari en nú er. Aðeins vörur sem skráðar eru á stöðulista landfræðilegra merkinga, sem fylgir nýju reglugerðinni, munu fá hefðarvernd. Vöruheiti mun ekki teljast hefðbundið nema það hafi verið í notkun í 50 ár, en skilyrðið er nú 25 ár. Síðast en ekki síst, verða vöruheiti með hefðartryggingu að vera sérstæð og ekki lengur heimilt að nota sambærileg heiti samhliða þeim.

### **7.3 Ný heildarsýn í gæðastefnu ESB í landbúnaði**

Þriðji þáttur nýrrar reglugerðar um landfræðilegar merkingar snýst um nýtt kerfi fyrir valfrjálsar gæðamerkingar og vottunarskírteini. Tilgangurinn er að auðvelda framleiðendum, sem telja vörur sínar hafa til að bera virðisaukandi þætti eða eiginleika, að koma því á framfæri innan hins sameiginlega markaðar, og styðja þannig við og uppfylla sérstaka markaðsstaðla.

Tillagan um nýja reglugerð mun ekki breyta kerfi landfræðilegra merkinga í grundvallaratriðum en ber vitni um nýja heildarsýn í gæðastefnu ESB á svíði landbúnaðar. Ingólfur Friðriksson telur líklegt að næsta skref gæti orðið að innlima landfræðilegrar merkingar á vínum og sterkum drykkjum, þannig að til verði eitt heildarkerfi í merkingum af þessu tagi innan végbanda gæðastefnu ESB í landbúnaðarframleiðslu.

Tillaga framkvæmdastjórnar ESB til nýrrar reglugerðar um gæðastefnu ESB hvað varðar landbúnaðarvörur er enn í lagasetningaferli. Eftir að slíkar tillögur framkvæmdastjórnarnarinnar koma fram ganga þær venjulega fyrst til Evrópuþingsins sem afgreiðir þær með eða án breytinga. Svo ganga þær til Ráðherraráðsins til afgreiðslu. Fjallað hefur verið um málið í landbúnaðarnefnd Evrópuþingsins og liggur fyrir nefndarálit (sjá fylgiskjal). Í álitinu eru lagðar til breytingar.

Samkvæmt starfsáætlun þingsins verður hún tekin til umræðu í þinginu sjálfu nú í summar. Eftir afgreiðslu þingsins tekur ráðherraráðið við málínu og þar er það rætt í nefnd. Síðan liggur leið málsins í nefnd fastafulltrúa og svo eru greidd atkvæði um það í ráðherraráðinu sjálfu. Ráðið getur samþykkt tillöguna með breytingartillögum þingsins eða gert breytingar. Þá þarf málið að ganga aftur til Evrópuþingsins og við taka samningaviðræður þingsins og ráðsins. Enda þótt ekki sé útilokað að málínu ljúki í fyrstu umferð getur ferlið dregist á langinn og því er óvist hvort ný reglugerð lítur dagsins ljós á þessu ári eins og að var stefnt.

## 8. Samningar ESB við þriðju ríki

ESB hefur leitast við að semja um gagnkvæma vernd landfræðilegra merkinga við þriðju ríki – fyrir vín, sterkt áfengi og aðrar landbúnaðarvörur. Í þeim samningum sem ESB hefur gert hingað til eru annars vegar ákvæði um lágmarksvernd samkvæmt landsrétti, gagnkvæma viðurkenningu löggjafar og síðan eru þau heiti sem njóta skulu gagnkvæmrar verndar samningsaðila talin upp í viðauka.

Af þessari aðferðarfræði leiðir að ríkin sem samið er við þurfa að hafa eigin löggjöf um vernd landfræðilegra merkinga. Auðvitað er æskilegt að einhver innlend heiti njóti verndar samkvæmt slikri löggjöf en það er þó e.t.v. ekki nauðsynlegt sem forsenda tvíhliða samninga við ESB. En væri um slíkt að ræða til dæmis í tilfelli Íslands myndi ESB þá eitt njóta ágóðans af samningnum.

Ísland hefur óskað eftir endurskoðun gildandi samnings við ESB frá 2006 um viðskipti með óunnar landbúnaðarvörur, sem gerður er á grundvelli 19. gr. EES-samningsins. Landbúnaðarsvið framkvæmdastjórnar ESB hefur aflað sér formlegs umboðs til viðræðna við Íslending um viðskipti með landbúnaðarvörur á grundvelli 19. gr. EES-samningsins og horfur eru á þær hefjist innan tíðar. Í þessum viðræðum verður fjallað um gagnkvæma vernd landfræðilegra merkinga á landbúnaðarvörum.

Auk þess að óska eftir viðræðum við Ísland um gagnkvæmnisvernd, hefur ESB einnig leitað til Noregs, en Noregur verndar landfræðilegar merkingar með sambærilegum hætti og ESB.

Krafa ESB um að samið verði um vernd landfræðilegra merkinga í tengslum við viðræður við Ísland um aukinn markaðsaðgang fyrir landbúnaðarvörur í Evrópu, á sér meðal annas stoð í 9. lið núgildandi samnings Íslands og ESB um viðskipti með óunnar landbúnaðarvörur sem gerður er á grundvelli 19. gr. EES-samningsins:

*Aðilar samþykkja að stuðla að eflingu viðskipta með vistvænar og landfræðilega merktar vörur. Aðilar samþykkja að eiga frekari tvíhliða viðræður með það fyrir augum að auka gagnkvæman skilning á löggjöf og skráningarferlum, í því skyni að greina leiðir til þess að efla vernd landfræðilegra merkinga á landsvæðum beggja aðila.*

Til þess að hægt sé yfirhöfuð að semja um gagnkvæmnisvernd landfræðilegra merkinga við ESB er óhjákvæmilegt að setja löggjöf um landfræðilegar merkingar á Íslandi. Það kann að þjóna íslenskum hagsmunum almennt að setja slíka löggjöf, ekki eingöngu vegna samninga við Evrópusambandið um ásættanlegan markaðsaðgang, heldur ekki síður til þess að styrkja almennt samkeppnisstöðu mikilvægra útflutningsafurða á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs.

Á það hefur einnig verið bent að komi til aukins innflutnings á landbúnaðarvörum gæti það styrkt stöðu innlendar vörur í samkeppni við innflutning, ef hún nytir verndar upprunavísunar, staðarvísunar eða hefðartryggingar.

Minna má í þessu sambandi á þær kvaðir sem lagðar eru á ríki í samningi WTO um hugverkaréttindi og viðskipti (WTO Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights - TRIPS”), og þá umræðu sem uppi er í Doha viðræðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, þar sem m.a. kemur til álita að taka upp „alþjóðlega skráningu“ á landfræðilegum merkingum. Upphafspunktur í samningum við önnur ríki hvar sem er í heiminum um gagnkvæma vernd landfræðilegra merkinga er og verður jafnan að fyrir hendi sé einhverskonar löggjöf um slíka vernd í viðkomandi löndum. Vöruheiti sem eiga uppruna sinn í þriðju löndum (utan ESB) geta til að mynda hlutið skráningu í VLM – kerfi ESB að því gefnu að þau njóti verndar í heimalandi sínu.

## **8.1 Ríkisstjórn samþykkti viðræður um gagnkvæma vernd**

Ríkisstjórn Íslands tók á fundi sínum 19. júní 2012 til umræðu minnisblað frá Össuri Skarphéðinssyni utanríkisráðherra og Steingrími J. Sigfússyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem varðar viðræður við Evrópusambandið um viðskipti með landbúnaðarvörur og verndun landfræðilegra merkinga

Í minnisblaðinu kemur m.a. annars fram, eins og áður er getið, að milli Íslands og Evrópusambandsins (ESB) sé í gildi samningur frá 2007 um viðskipti með óunnar landbúnaðarvörur á grundvelli 19. gr. EES-samningsins. Ennfremur hafi Ísland og ESB samið um viðskipti með unnar landbúnaðarvörur í bókun 3 við EES-samninginn, sem síðast var endurskoðuð 2001. Á grundvelli samninganna njóti Ísland tiltekins ívilnandi aðgangs fyrir helstu útflutningsvörur á markað ESB í formi lægri tolla eða tollfrjálsra innflutningskvóta, á móti aðgangi sem Ísland veitir að sínum markaði.

Síðan segir í minnisblaðinu:

„Í maí 2011 fóru Landssamtök sláturleyfishafa og Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði þess á leit við stjórnvöld að þau beittu sér fyrir samningum við ESB um stærri tollfrjálsa innflutningskvóta fyrir lambakjöt og skyr á markaði sambandsins.

Í kjölfarið könnuðu embættismenn hug ESB til endurskoðunar samninga Íslands og ESB með ofangreindar kröfur hagsmunaðila í huga. Tóku embættismenn ESB jákvætt í endurskoðun samninganna, jafnvel þótt Ísland ætti í aðildarviðræðum við sambandið.

Á fundi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra með framkvæmdastjóra landbúnaðarmála hjá ESB í janúar sl. bar málið á góma og lýsti framkvæmdastjórin vilja til að hefja viðræðurnar við Ísland með því skilyrði að einnig yrði rætt um vernd landfræðilegra merkinga á landbúnaðarvörum. Af hálfu ráðherrans var tekið jákvætt í það.

Í apríl sl. fékk framkvæmdastjórn ESB formlegt umboð ráðsins til viðræðna við Ísland um endurskoðun gildandi samninga um viðskipti með landbúnaðarvörur og um gagnkvæma vernd landfræðilegra merkinga.“

Ríkisstjórnin samþykkti á áðurnefndum fundi, 19. júní, að hefja viðræður við ESB um endurskoðun gildandi samnings um viðskipti með óunnar landbúnaðarvörur, og um endurskoðun bókunar 3 að því er varðar unnar landbúnaðarvörur.

Jafnframt samþykkti ríkisstjórnin að hefja viðræður við ESB um leiðir til að koma á gagnkvæmri vernd landfræðilegra merkinga.

## 9. Fjársjóðir í matarmenningu Norðmanna



Villsau fra norskekysten er vöruheiti sem hefur öðlast vernd upprunavísunar.

Norsk stjórnvöld eru eins mikið inn á gafli í viðskiptakerfi Evrópusambandsins eins og hægt er að vera án beinnar aildilar. Dæmigert um þetta er hvernig Norðmenn hafa staðið að því að innleiða verndun landfræðilegra merkinga í Noregi.

Sem EFTA ríki og aðili að Evrópska efnahagssvæðinu ásamt Íslandi og Lichtenstein reynir Noregur að fremsta megni að uppfylla markmið 1. greinar EES-samningsins um að vinna samfellt og stöðugt að því að skapa eina viðskiptaheild á EES-svæðinu.

Samkvæmt EES –samningunum ber aðildarlöndum að virða vínreglugerðina (ESB reglugerð nr. 1493/99). Hún var innleidd í Noregi með norskri reglugerð fyrir vín og sterka drykki og þar eru ESB- reglur um vernd landfræðilegra merkinga á slíkum drykkjum tekna upp.

Árið 2002 var sett sérstök löggjöf í Noregi um vernd landfræðilegra merkinga á öðrum landbúnaðarvörum en vínum og sterkum drykkjum. Þar er um að ræða vörheiti með vernd upprunavísunar, staðartilvísunar og hefðartryggingu eins og í ESB-kerfinu. Á norsku nefnist merkingarkerfið Beskyttede betegnelser og flokkarnir eru: Beskyttet opprinnelsebetegnelse; Beskyttet geografisk betegnelse og Beskyttet tradisjonelt sær preg.

Markmiðið með merkingarkerfinu í Noregi er að stuðla að fjölbreytni og verðmætasköpun og ýta undir stað- og svæðisbundna matvælaframleiðslu. Það á einnig að tryggja neytandanum áreiðanlegar upplýsingar um hvaðan á landinu varan sé og hvaða hefðir og sérstöku eiginleikar tengjast framleiðslu hennar. Með þessum hætti er halddið til haga mikilvægri þekkingu um norskan mat og matarmenningu í Noregi.

Það er Matvælaeftirlitið í Noregi sem tekur við umsóknum um verndun vöruheita og ákveður hvort tiltekin vöruheiti hljóta vernd. Ákvörðunum þess má skjóta til endanlegs úrskurðar hjá sjávarútvegsraðuneyti eða landbúnaðar- og mavælaráðuneyti eftir því sem við á.

Vernd landfræðilegra merkinga í Noregi er enn að slíta barnsskónum en þegar hafa þó 19 vöruheiti öðlast slíka vernd. Listinn yfir vöruheitin sem hlotið hafa vernd er afar fróðlegur séð með íslenskum augum. Þar er að finna baðstofureykta kjöt, gamalost, gerjaðan og léttfreýandi eplasafa, kartöflutegundir, ávexti, ísa hafsbleikju, pæklaðan regnbogasilung, harðfisk, spægipylsu, baunir, þríhyrnt þunnkex penslað með mjólk og sykri, villisauði og lífræna þykkmjólk. Ljóst er af nýjum umsóknum að áhugi fer vaxandi á því í Noregi að öðlast vernd landfræðilegra merkinga á vöruheiti sem tengjast lambakjötsframleiðslu.

Parmaskinkan Prosciutto de Parma og parmesanosturinn Parmigiano Reggiano hafa fengið stöðu sem lögvernduð erlend vöruheiti í Noregi. Og eins og fram kemur annars staðar í þessari samantekt hefur framkvæmdastjórn ESB farið þess á leit að gerður verði samningur milli Noregs og Evrópusambands um gagnkvæma vernd landfræðilegra merkinga.

### **Vöruheitin 19 með „Beskyttede betegnelser“:**

- Badsturøkt kjøtt på namdalsk vis
- Eplejuice frå Hardanger
- Fjellmandel fra Oppdal
- Gamalost frå Vik
- Gulløyje fra Nord-Norge
- Hardangereple
- Hardangermoreller
- Hardangerpærer
- Ishavsrøye Vesterålen
- Kurv fra Valdres
- Rakfisk fra Valdres
- Ringerikserter
- Ringerikspotet fra Ringerike
- Sider fra Hardanger
- Skjenning
- Tørrfisk fra Lofoten
- Villsau fra Norskekysten
- Økologisk Tjukkmjølk fra Røros

### **Fimm vöruheiti í umsóknarferli:**

Framleiðendur eru vorið 2012 með fimm vörheiti í umsóknar- og umsagnarferli og þar er um að ræða veislukjötsoð, þrennskonar lambakjöt og eplasafa.

- Festssodd fra Trøndelag
- Lofotlam
- Fenalar fra Norge
- Høgfjellslam fra Nord-Gudbrandalalæ
- Liereple eplemost

Upplýsingar um vernd landfræðilegra merkinga í Noregi má finna á vefsíðunni [www.beskyttedebetegnelser.no](http://www.beskyttedebetegnelser.no). Hún hefur einnig að geyma lýsingar í máli og myndum af þeim fjársjóðum í matarmenningu Norðmanna sem framleiðendur og opinberar aðilar í Noregi láta sér annt um og telja sig hafa hag af að varðveita og efla.

Ekki er hægt að fjalla um matarmenningu í Noregi án þess að geta um starfsemi Matmerk. Þar er um að ræða óháða stofnun sem rekin er með opinberum stuðningi. Henni var komið á fót árið 2007 og í stjórn hennar eru fulltrúar landbúnaðar- og matvælaráðuneytisins, landbúnaðarins, matvælaframleiðenda, dagvöruverslana og merkjanotenda.

Hlutverk Matmerk er að fá neytendur til þess að velja mat, sem hefur framleiðslutengsl við Noreg, umfram aðra matvöru. Það er gert með því að efla gæðastjórn og hæfnisþróun um leið og samkeppnis-forskoti og uppruna norsk matvöru er haldið á lofti gagnvart matarframleiðendum, verslunaraðilum og neytendum. Landbúnaðar- og matvælaráðuneytið hefur meðal annars falið Matmerk að annast umsjón og áróður fyrir Vernduðum merkingum.

Matmerk á og/eða hefur umsjá með merkjakerfunum Nyt Norge (Njótum Noregs), Spesialitet og Beskyttede betegnelser (Verndaðar merkingar).

Nyt Norge á að auka sýnileika norska vöruheita í vöruhúsum og verslunum og hafa framleiðendur 1300 vörutegunda öðlast rétt á að nota þetta merki.

Spesialitet merkið er bæði notað af framleiðendum gamalgróinna vörutegunda og þeim sem eru að koma nýrri gæðavöru á markað. Það er ætlað sem leiðbeining til neytenda um val á sérstakri gæðavöru.

Beskyttede betegnelser er merkjakerfi sem hægt er að fá lagavernd fyrir til þess að sanna sérstakan uppruna, tengsl við landsvæði eða sérstakar matarhefðir.

Nánari upplýsingar um Matmerk er að finna á vefsíðunni: [www.matmerk.no](http://www.matmerk.no), og á vefsíðum einstakra merkinga [www.nytnorge.no](http://www.nytnorge.no); [www.spesialitet.no](http://www.spesialitet.no); [www.beskyttedebetegnelser.no](http://www.beskyttedebetegnelser.no)



Beskyttede betegnelser.  
[www.beskyttedebetegnelser.no](http://www.beskyttedebetegnelser.no)



Matmerk merkir norskan mat.  
[www.nytnorge.no](http://www.nytnorge.no)



Spesialitet.  
[www.spesialitet.no](http://www.spesialitet.no)

## 10 Helstu atriði hugsanlegrar löggjafar á Íslandi

Í íslenskum rétti eru fá ákvæði um vernd landfræðilegra merkinga og slíkar merkingar njóta ekki beinnar verndar líkt og innan ESB. Vernd landfræðilega merkinga með beinum hætti á Íslandi krefðist nýrrar löggjafar. Í utanríkisráðuneytinu hefur í tengslum viðræður Íslands og ESB um viðskipti með landbúnaðarvörur verið tekið saman hvaða helstu þættir þyrftu að vera í slíkri löggjöf:

- 1) Skilgreining landfræðilegra merkinga,
- 2) skráningarferli, þar sem staðfest er að merkingar uppfylli skilgreiningu,
- 3) skrá yfir verndaðar merkingar,
- 4) eftirlitskerfi,
- 5) ákvæði um veitta vernd,
- 6) ákvæði um heiti sem ekki geta hlotið skráningu,
- 7) samlífi skráðra vörumerkjja og landfræðilegra merkinga ef þau skarast, og
- 8) auðkennismerki fyrir vörur með verndaðri landfræðilegri merkingu.

Skráning þyrfti einnig að vera heimil fyrir heiti sem upprunnin eru í öðrum ríkjum, enda sé hin landfræðilega merking vernduð í heimalandinu (vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt TRIPS samningnum).

# 11 Álitamál varðandi vernd VLM á Íslandi



Í Bandaríkjunum gerir og selur einstakur framleiðandi, „siggi's skyr“, jógúrt í íslenskum stíl. Það sýnir með öðru að viss hætta er á að heitið skyr geti smámsaman orðið að almennt lýsandi tegundarheiti.

Sjónir manna á Íslandi hafa ekki beinst sérstaklega að landfræðilegum merkingum. Það á sér margar skýringar en meðal annars þær að útflutningur á landbúnaðarvörum hefur lengst af verið takmarkaður. Búvöruframleiðslan hefur fyrst og fremst beinst að því að fullnægja innanlandsmarkaði og umframframleiðsla hefur verið flutt út þegar þannig hefur staðið á.

Í þessum eftum hefur margt verið að breytast á undanförnum áratugum. Nokkur árangur hefur náðst í útflutningi á lambakjöti, smjöri og skyri til Bandaríkjanna, þar sem Whole Food verslanirnar leggja áherslu á sölu nokkurra íslenska vörutegunda.

Vegna áherslubreytinga á Nýja Sjálandi, erfiðleika í Ástralíu og vaxandi spurnar eftir lambakjöti í Asíúríkjum, hefur framboð á lambakjöti á Evrópumarkaði degist saman. Það hefur leitt til þess að þryst hefur verið á framkvæmdastjórn Evrópusambands af hálfu kjötinnflyttjenda í Bretlandi og á Spáni að leyfa aukinn innflutning á lambakjöti til ESB frá Íslandi. Samtök sauðfjárbænda og Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði hafa óskað eftir því við utanríkisráðuneytið að það leiti hófanna um það að innflutningskvótar á lambakjöti og skyri hjá ESB verði auknir verulega.

Íslenskt lambakjöt hefur á margan hátt sérstöðu og margvíslegrir möguleikar eru á því að markaðssetja það sem hágæða vöru. Viðurkennd sérstaða hjálpar útflyttendum að fanga athygli neytenda og fá hillupláss fyrir sínar vörur í búðum. Þá sýna kannanir í Evrópu að neytendur eru tilbúnir að greiða hærra verð fyrir vörur sem bera landfræðilegar merkingar en aðrar vörur, auk þess sem það er talinn verulegur og eftirsóknarverður kostur að uppruni vörunnar sé skýr og óyggjandi. Þetta gæti stuðlað að virðisaukningu í útflutningi. Í þessu sambandi er vert að vekja athygli á því mati sláturleyfishafa á Íslandi að einungis 10% þess lambakjöts sem flutt er til Evrópu, skili sér á disk neytandans þannig að hann sé meðvitaður um uppruna þess.

Að undanförnu hefur útflutningur á skyri stóraukist. Skyrið er framleitt með framleiðsluleyfi í Noregi, Svíþjóð og Danmörku, en flutt beint út til Finnlands og Bandaríkjanna. Í Bandaríkjunum gerir og selur einstakur framleiðandi, „siggi's skyr“, jógúrt í íslenskum stíl. Það sýnir með öðru að viss hætta er á að heitið skyr geti smámsaman orðið að almennt lýsandi tegundarheiti sem allir geti notað, þar sem engin vernd er á vörumeritinu skyr fyrir framleiðendur á Íslandi.

Áætlað er að erlendir ferðamenn sem sækja Ísland muni verða um ein milljón fyrir árið 2020. Þar er álitilegur markaðar fyrir íslenskar búvorur og ekki ólíklegt að framleiðendur muni beina sjónum sínum æ meir að honum á næstu árum. Aukin heimavinnsla, t.d. samkvæmt hugmyndafræðinni beint frá býli, meiri umhverfisvitund neytenda og vaxandi spurn eftir upprunatengdri sérvöru styðja það sjónarmið. Erlendis er vel þekkt að landfræðilegar merkingar hafa stutt við matartengda ferðaþjónustu í heraði, sem hér hefur aukist síðustu misseri. Vaxandi samkeppni í þjónustu við ferðafólk kann að auka áhuga á því að fá einstakar framleiðsluvörur merktar með upprunavísun, staðarvísun eða hefðartryggingu.

Til dæmis mætti skrá og fá gagnkvæma vernd á heitið „Íslenskt lambakjöt“ og hugsanlega „skyr“, í það minnsta „Íslenskt skyr“. Hins vegar þyrfti að leggja af notkun nokkurra heita hér heima sem stangast á við skráð heiti í ESB, t.d. heitið FETA. Íslenskt lambakjöt og Íslenskt smjör kæmu til greina bæði í flokki



Íslenskt smjör kæmi til greina bæði í flokki verndaðrar upprunavísunar og verndaðrar staðarvísunar

verndaðrar upprunavísunar og verndaðrar staðarvísunar, en álitamál er hvort íslenskt skyrið kæmi til greina í flokkana báða, þar sem það er bæði framleitt á Íslandi og erlendis og skilgreina þyrfti samhengi í þróun framleiðsluaðferða þess.

Ýmsar framleiðsluvörur í matvælaiðnaði kæmu til greina í verndaðri staðarvísun og mætti nefna þar ýmiskonar fiskeldisvörur eins og Klausturbleikju og vörur úr sjávarfangi eins og niðursoðna þorsklifur og skyldar vörur. Nefnt hefur verið að taðreyking sé svo sérstakt fyrirbæri að hægt væri að fá staðarvísun eða hefðartryggingu á margskonar afurðir sem verkaðar eru með þeim hætti úr vötnum, sjó og af landi.

Hefðartrygging gæti verið eftirsóknarverð fyrir marga framleiðendur á Íslandi í vaxandi samkeppni um þjónustu við ferðamenn og til þess að þroa útflutning á sækkeravöru. Þar mætti nefna af handahófi ýmsa hefðbundna framleiðsluvöru eins og birki- og taðreykt hangikjöt, súrmeti og þorramat og reyktan vatna- og úteyjasilung, seytt rúgbrauð, hverabrauð, flatkökur og annað þessháttar sem verið hefur á borðum Íslendinga óldum saman.

Eins og áður sagði hefur verið á það bent að vörur á innlenda markaðnum gætu notið góðs af vernd landfræðilegra merkinga í samkeppni við innfluttar vörur. Stórtækast væri þar að taka dæmi af mjólkinni. Tækist að rökstyðja það að íslensk mjólk sé vöruheiti sem byggist á íslenskum landgæðum og hafi til að bera sérstaka eiginleika sem tengjast innlendu kúakyni sem greinist skýrt frá öðrum stofnum, þá er hugsanlegt að það vörheiti gæti fengið vernd upprunavísunar. Útilokað væri þá að flytja hingað mjólk í stórum stíl, pakka henni á Íslandi, og selja undir heitinu íslensk mjólk. Minna má í þessu sambandi á deilur um það hvað teljist vera íslenskt grænmeti og hvað innflutt.



Með verndaðri upprunavísun værri útilokað að flytja hingað mjólk í stórum stíl, pakka henni á Íslandi, og selja undir heitinu íslensk mjólk.

Nauðsynlegt er að taka saman lista um vöruheiti í landbúnaði, matvælaframleiðslu og fiskeldi sem hugsanlega kæmu til álita í sambandi við uppruna- og staðarvísun eða hefðartryggingu. Þetta er meðal annars nauðsynlegt til þess að hægt sé að átta sig á umfangi íslensks verndarkerfis og hve þungt það yrði á höndum í opinberri stjórnsýslu og eftirliti. En einnig til þess að greina þá hagsmuni sem verndarkerfið gæti ívílnað eða skaðað, og hvaða ávinning það gæti hugsanlega fært neytendum og framleiðendum horft til lengri tíma. Fá þarf fram mat á því hvað tapast við gagnkvæma vernd landfræðilegra merkinga og hvað vinnst. Ljóst er til að mynda að á skrá um landfræðilegar merkingar hjá ESB eru yfir 1000 vöruheiti en íslensk vöruheiti yrðu varla ýkja mörg að minnsta kosti til að byrja með.

Hér er ástæða til þess að nefna í framhjáhlaupi að innan Evrópusambandsins er til skoðunar hvort ástæða sé til þess að heimila landfræðilegar merkingar á aðrar vörur heldur en landbúnaðarvörur. Sú vinna er skammt á veg komin en gæti verið áhugaverð út frá íslenskum aðstæðum, með annars vegna dúntekju,



Til dæmis mætti skrá og fá gagnkvæma vernd á heitið „Íslenskt lambakjöt“

Sömuleiðis er óhjákvæmilegt að leggja í það vinnu að rekja sögu, einkenni, samsetningu, eðliseiginleika, uppruna- og staðartengsl verðmætustu útflutningsafurða og vöruheita íslensks landbúnaðar, svo sem skyrs og lambakjöts, og annarra afurða sem ætla má að verði fluttar út á næstu árum. Þetta er nauðsynlegt til þess að styrkja stöðu þessara vöruheita í bráð og lengd og koma í veg fyrir að þau verði almennt lýsandi heiti sem ekki geti fallið undir vernd.

Í fljótu bragði virðast flest þau vöruheiti sem til greina gætu komið í vernd landfræðilegra merkinga hafa þróast sem sameiginleg verðmæti framleiðenda á Íslandi, bundin

hráefnum, framleiðslaðferðum og staðháttum sem tengjast íslenskum aðstæðum almennt. Þess vegna eru viðhorf á Íslandi sennilega tengdari evrópskum sjónarmiðum um vernd staðartenginga en bandarískri vörumerkjavernd. Í því ljósi er full ástæða til þess að efna til kynningar og umræðu um vernd landfræðilegra merkinga á Íslandi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (atvinnuvegaráðuneytið) hlýtur eðli málsins samkvæmt að hafa forgöngu um móton tillagna og löggjafar um vernd landfræðilegra merkinga á Íslandi, ef því er að skipta. Á þeim bæ hefur verið hugað að málinu. Þar sem þessi málefni snerta samninga við erlend ríki og utanríkisviðskipti hlýtur utanríkisráðuneytið einnig að koma að málum. Loks má telja eðlilegt að samráð sé haft við samtök í landbúnaði og matvælaiðnaði.

## 12 Fylgiskjöl

FETA-málið: úrdráttur úr grein Sigurðar L. Arnalds hrl. í Lögmannablaðinu 2006

Fréttagreinar um Parmigiano-Reggiano

Löggjöf um vernd landfræðilegra merkinga í Noregi

Reglugerð ráðherranefndar ESB nr. 510/2006

Reglugerð ráðherranefndar ESB nr. 509/2006

Álit landbúnaðarnefndar Evrópuþingsins frá 2011

Fylgiskjölin eru birt á: [www.si.is](http://www.si.is) og [www.sam.is](http://www.sam.is)

